



Greiningar- og
ráðgjafarstöð ríkisins

Mat á stuðningsþörf: SIS Nýtt mat á þjónustupörfum fatlaðs fólks.

Tryggvi Sigurðsson, sviðsstjóri,
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Umfjöllunarefni

1. Hvers vegna þjónustumatskerfi?
2. Núverandi kerfi við mat á þörf fólks með fötlun fyrir þjónustu.
3. Lýsing á nýju þjónustumatskerfi.
4. Áætlun um innleiðingu á Íslandi.

Hvers vegna þjónustumatskerfi?

- Margvísleg rök má færa fyrir þörf fyrir hlutlægt, nákvæmt mat á þörfum fólks með fötlun af ýmsu tagi fyrir þjónustu.
 1. Í fyrsta lagi hlýtur slíkt þjónustumatskerfi að taka mið af þörfum og rétti fatlaðra til þjónustu, eins og hún er skilgreind í lögum á hverjum tíma.

Hvers vegna þjónustumatskerfi?

2. Í öðru lagi þurfa stjórnvöld að hafa yfir að ráða matskerfi, sem tryggir sem hagkvæmasta og réttlátasta nýtingu þeirra fjármuna, sem veitt er til þjónustu fyrir fatlaða.
3. Í þriðja lagi má nefna nauðsyn þess að stjórnvöld hafi nákvæmt yfirlit yfir þörf fatlaðra fyrir þjónustu.

Hvers vegna þjónustumatskerfi?

- Fatlaðir eru fjölmennur þjóðfélagshópur og þörf fyrir fjárframlög til þjónustu fyrir fatlaða mikil og vaxandi.
- Ekki er hægt að búast við því, að þörf fyrir fjármagn til að veita bestu hugsanlega þjónustu á öllum sviðum verði mætt í nánustu framtíð

Hvers vegna þjónustumatskerfi?

- Því er afar mikilvægt að hugað sé að gæðum þeirrar þjónustu, sem veitt er og að fjármunir séu nýttir á bestan hugsanlegan hátt .
- Innleiðing á vönduðu þjónustumatskerfi er því mikilvægur liður í gæðastjórnun í málefnum fatlaðra.

Núverandi kerfi

- Það kerfi, sem notað er í dag til mats á þörf fatlaðra fyrir þjónustu er svokallað “sjö flokka kerfi”, sem byggist á afrakstri tilraunar Félagsmálaráðuneytisins til að koma á laggirnar þjónustumatskerfi á 10. áratug síðustu aldar.

Núverandi kerfi

- Þessi viðleitni fór út um þúfur en eftir stóð þó gróf flokkun á þörf fatlaðra fyrir þjónustu.
- Þetta kerfi er hvorki hlutlægt né nákvæmt og byggir ekki á viðurkenndum, vísindalegum aðferðum til þeirrar notkunar sem því er ætlað.

Nýtt þjónustumatskerfi

- Hér verður kynnt þjónustumatskerfi, ***Mat á stuðningsþörf*** (Supports Intensity Scale: SIS), sem hugsanlega verður tekið í notkun hér á landi til að meta þörf fólks með fötlun fyrir þjónustu.
- Þetta matskerfi er nýtt af nálinni og eitt örfárra, sem sérstaklega er hannað til slíkrar notkunar.

Nýtt þjónustumatskerfi

- Ákveðið hefur verið að íslenskt heiti SIS verði:

Mat á stuðningsþörf

Nýtt þjónustumatskerfi

- Fjallað verður stuttlega um:
 1. Þær hugmyndir og rannsóknir, sem að baki Mats á stuðningspörf (SIS) liggja.
 2. Innihald Mats á stuðningspörf (SIS) og notagildi.
 3. Áætlun um innleiðingu Mats á stuðningspörf (SIS) hér á landi.

Nýtt Þjónustumatskerfi

- SIS er afrakstur áralangs þróunarstarfs, sem unnið hefur verið af hópi sérfræðinga á vegum AAIDD (American Association on Intellectual and Developmental Disabilities), hinna virtu samtaka áhugafólks og fagfólks um þroskahömlun og skyldar fatlanir í Bandaríkjunum.

Nýtt þjónustumatskerfi

- Þessi samtök hafa m.a. verið leiðandi í heiminum á sviði fræða og rannsókna á fötlunum á undanförunum áratugum.
- Útgáfu **Mats á stuðningsþörf** (SIS) hefur því verið beðið með eftirvæntingu og fullyrða má, að tilkoma þessa vandaða matskerfis marki tímamót við skilgreiningu á þörfum fólks með fötlun fyrir þjónustu.

Vinna að baki SIS

- ***MAT á stuðningsþörf*** var gefið út í árslok 2003.
- Hópur virtra fræðimanna hafði unnið að þróun þess um margra ára skeið.
- Markmið með hönnun kerfisins er að meta á hlutlægan hátt stig eða magn þess stuðnings, sem fólk með fötlun þarfnast til að geta lifað sem eðlilegustu lífi í samfélaginu.

Vinna að baki SIS

- Að mati höfunda er **Mat á stuðningsþörf** fyrsta kerfi sinnar tegundar í heiminum, sem styðst eingöngu við jákvæða nálgun til að meta þarfir fólks með þroskahömlun og skyldar fatlanir fyrir þjónustu.

Vinna að baki SIS

- Kerfið tekur mið af þörfum einstaklingsins fremur en göllum (deficit) eða því sem hann skortir sem grundvöll ákvörðunar um nauðsynlegan stuðning til að geta lifað, innihaldsríku og sjálfstæðu lífi í samfélaginu.

Vinna að baki SIS

- Auk þess sem **SIS** er hannað með það markmið í huga að meta þörf fólks með fötlun fyrir þjónustu er unnt að nota matskerfið til að þróa einstaklingsbundnar, persónumiðaðar þjónustuáætlanir.
- Þetta er mikilvægur þáttur í notagildi **SIS** sem ekki er til umfjöllunar hér.

Vinna að baki SIS

- **Mat á stuðningsþörf** var staðlað á 1306 einstaklingum með þroskahömlun og skyldar fatlanir, 16 til rúmlega 70 ára að aldri.
- Þessi hópur kom víðs vegar að úr Bandaríkjunum og Kanada.
- Vinna við stöðlun var afar vönduð og tölfræðilegir eiginleikar **SIS** eru góðir.

Innihald **S/S**

- **Mat á stuðningsþörf** skiptist í þrjá hluta:
 1. Mat á þörf fyrir stuðning: Um er að ræða 6 undirkvarða, sem byggjast á 49 atriðum. Þessir kvarðar eru: Heimilishald, Líf í samfélaginu, Nám, Störf, Heilsa og öryggi og Félagslegar athafnir.

Innihald **S/S**

2. Hagsmunagæsla (Supplement Protection and Advocacy Scale): Metin eru 8 atriði, sem ekki snerta endanlegan útreikning á þörf fyrir þjónustu.

Innihald **S/S**

3. Óvenjuleg þörf fyrir stuðning vegna heilsufarsvandamála og erfiðrar hegðunar. Metnar eru 16 tegundir heilsufarsvandamála og 13 svið erfiðrar hegðunar og geðrænna erfiðleika, sem oft tengjast fötlun.

Innihald **SIS**

- Á öllum undirkvörðum **SIS** er þörf fyrir stuðning metin út frá þremur víddum:
 1. Tíðni: Hve oft er þörf fyrir stuðning.
 2. Tímalengd: Hve lengi er þörf fyrir stuðning.
 3. Tegund stuðnings: Hvers konar stuðnings er þörf.

Niðurstöður

- Eitt heildarskor fæst úr **SIS-matskerfinu** í formi hundraðsraðar, en jafnframt staðalskor fyrir hvern hinna 6 undirþátta í fyrsta hluta kerfisins.
- Þar fást upplýsingar um þjónustupörf einstaklingsins miðað við stóran hóp fólks með fötlun, sem eru í stöðlunarhópi.

Niðurstöður

- 50. hundraðsröð þýðir meðalþörf fyrir þjónustu, 90. hundraðsröð mikil þörf fyrir þjónustu o.s.frv.
- Afar mikilvægt er, að þeir sem annast skráningu í **Mat á stuðningsþörf** séu óháðir þeim aðilum, sem veita þjónustu og hafi ekki hagsmuna að gæta hvað varðar niðurstöður matsins.

Niðurstöður

- Niðurstöður **SIS** gagnast þannig vel til hlutlægrar skilgreiningar á þörfum fatlaðs fólks fyrir þjónustu.
- Niðurstöðu úr **SIS** er einnig unnt að tengja við þörf fyrir fjármögnun, þó að markmið með gerð kerfisins sé fyrst og fremst að skilgreina þjónustupörf.

Áætlun um innleiðingu SIS á Íslandi

- SIS-þjónustumatskerfið hefur nú verið þýtt og staðfært hér á landi.
- Um er að ræða verkefni, sem unnið hefur verið á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að ósk Félagsmálaráðuneytisins.

Áætlun um innleiðingu SIS á Íslandi

- Undirbúningur fyrir innleiðingu kerfisins er hafinn og að þeirri vinnu lokinni verður það tilbúið til notkunar hér á landi.
- Fyrir liggur ítarleg áætlun um framkvæmd þessa verks, sem nær m.a. til fyrirlagnar á SIS, úrvinnslu og stöðlunar, mats á nákvæmni SIS.....

Áætlun um innleiðingu SIS á Íslandi

- .. réttmætisathugunar, þjálfunar matsmanna, kostnaðar og mats á tengslum við fjármagn.
- Það er sannfæring mín, að með tilkomu þessa þjónustumatskerfis verði mikilvægt skref stigið til framfara í málefnum fatlaðra á Íslandi.